


Vefrallý um Ísland



Vefrallý um Ísland

© 2014 Anna Þóra Jónsdóttir

© 2014 kort Jean Posocco

Ritstjórar: Sigrún Sóley Jökulsdóttir og Ellen Klara Eyjólfsdóttir

Útlit og umbrot: Menntamálastofnun

1. útgáfa 2014

Menntamálastofnun

Kópavogi

3685


Vesturland

Undanfarið höfum við verið að fræðast um **Vesturland**.

Verkefni þitt er að fara á netið og leita að svörum við eftirfarandi spurningum.

Best er að fara á **mms.is** og slá orðið *kortavefsjá* inn í leitarreitinn og þá kemstu inn á heppilega slóð.

Klipptu allar spurningarnar og kortið af Vesturlandi út og límdu inn í stílabókina þína. **Skrifaðu** svo svörin við spurningunum í bókina.



Vesturland

1. Merktu inn á kortið hér fyrir neðan þéttbýlisstaðina; Hellisand, Rif, Grundarfjörð, Stykkishólm og Ólafsvík
2. Finndu á kortavefsjánni hvar Snæfellsjökull er og smelltu á hann. Þá koma upplýsingar um jökulinn fram. Lestu um hann, búðu til 3 spurningar um jökulinn og skrifaðu þær í stílabókina ásamt svari. Merktu svo Snæfellsjökul inn á kortið.
3. Finndu hvar hæsti foss landsins, Glymur, er og merktu inn á kortið. Smelltu á nafn hans, lestu um hann og skrifaðu nokkur orð um það hvers vegna fossinn ber þetta nafn.
4. Í hvaða bæ á Vesturlandi er Keflvíkuvör?
5. Í hvaða bæ á Vesturlandi er fjall sem kallast Enni?
6. Finndu hvar Búðardalur er og merktu hann inn á kortið. Hvaða frægi landnámsmaður er talinn hafa búið nálægt Búðardal?
7. Hvaða bær á Vesturlandi er stundum nefndur Skipaskagi? Merktu hann inn á kortið.
8. Milli hvaða tveggja fjarða er fjallið Skarðsheiði?
9. Veldu þér einn stað á Vesturlandi (á, vatn, fjall, jökul eða þéttbýlisstað) og segðu frá honum. Reyndu að nota þín eigin orð (50–100 orð).



Vestfirðir

Undanfarið höfum við verið að fræðast um **Vestfirði**.

Verkefni þitt er að fara á netið og leita að svörum við eftirfarandi spurningum.

Best er að fara á **mms.is** og slá orðið *kortavefsjá* inn í leitarreitinn og þá kemstu inn á heppilega slóð.

Klipptu allar spurningarnar og kortið af Vestfjörðum út og límdu inn í stílabókina þína. **Skrifaðu** svo svörin við spurningunum í bókina.



Vestfirðir

1. Merktu inn á kortið hér fyrir neðan þéttbýlisstaðina; *Ísafjörð, Patreksfjörð, Bíldudal, Bolungarvík og Súðavík*.
2. Finndu **Drangajökul** á kortavefsjánni og smelltu á hann. Þá koma upplýsingar um jökulinn fram. Lestu um hann, búðu til 3 spurningar um jökulinn og skrifaðu þær í stílabókina ásamt svari. Merktu svo hvar Drangajökull er inn á kortið.
3. Finndu hvar eyjan **Vigur** er og merktu inn á kortið. Smelltu á nafn eyjunnar og lestu um hana. Hvaða tæki er í eyinni sem finnst hvergi annars staðar á landinu og hvað eyja er við hliðina á henni?
4. Á þessum stað er mikil snjóflóðahætta. Þann 26. október 1995 féll mikið snjóflóð á bæinn úr Skollahvilft. Hvað heitir bærinn? Merktu hann inn á kortið.
5. Nálægt hvaða bæ á Vestfjörðum er fjall sem kallast **Ernir**?
6. Hverjir námu land á Patreksfirði?
7. Hvað kallast hæsti tindur Glámuhálendisins og hvað er hann hár?
8. Við hvaða fjörð stendur Hrafnseyri og hvaða merki Íslendingur fæddist þar?
9. Veldu þér **einn stað á Vestfjörðum** (á, vatn, fjall, jökul eða þéttbýlisstað) og segðu frá honum. Reyndu að nota þín eigin orð (50–100 orð).




Norðurland vestra

Undanfarið höfum við verið að fræðast um **Norðurland vestra**.

Verkefni þitt er að fara á netið og leita að svörum við eftirfarandi spurningum.

Best er að fara á **mms.is** og slá orðið *kortavefsjá* inn í leitarreitinn og þá kemstu inn á heppilega slóð.

Klipptu allar spurningarnar og kortið af Norðurlandi vestra út og límdu inn í stílabókina þína. **Skrifaðu** svo svörin við spurningunum í bókina.



Norðurland vestra

1. Merktu inn á kortið hér fyrir ofan þéttbýlisstaðina; *Hvammstanga, Blönduós, Skagaströnd, Sauðárkrók, Siglufjörð og Hofsó.*
2. Finndu á kortavefsjóni fjallið **Tindastól** og smelltu á það. Þá koma upplýsingar um fjallið fram. Lestu um það, búðu til 3 spurningar um fjallið og skrifaðu þær í stílabókina ásamt svari. Merktu svo Tindastól inn á kortið.
3. Finndu eyjarnar **Drangey og Málmei** og merktu inn á kortið. Smelltu á nafn eyjanna og lestu um þær. Á hvorri eyinni voru álög og hvernig voru þau?
4. Finndu ána **Blöndu** á kortinu og merktu inn. Hvers konar á er Blanda, hvað heitir virkjunin sem er þar og hvenær tók hún til starfa?
5. Þar var einn helsti verslunarstaður landsins og nú er þar vesturfarasafn. Hver er staðurinn?
6. Yfir þessu kaupúni gnæfir **Spákonufellsborg** – hvað heitir kaupúnið?
7. Tveir fossar eru í Skjálfandafljóti – hvað kallast þeir?
8. Hvaða fjall nota bændur í Skagafirði til að spá fyrir um veður?
9. Veldu þér **einn stað á Norðurlandi vestra** (*á, vatn, fjall, jökul eða þéttbýlisstað*) og segðu frá honum. Reyndu að segja frá með þínum eigin orðum (50–100 orð).




Norðurland eystra

Undanfarið höfum við verið að fræðast um **Norðurland eystra**.

Verkefni þitt er að fara á netið og leita að svörum við eftirfarandi spurningum.

Best er að fara á **mms.is** og slá orðið *kortavefsjá* inn í leitarreitinn og þá kemstu inn á heppilega slóð.

Klipptu allar spurningarnar og kortið af Norðurlandi eystra út og límdu inn í stílabókina þína. **Skrifaðu** svo svörin við spurningunum í bókina.



Norðurland eystra

1. Merktu inn á kortið hér fyrir ofan þéttbýlisstaðina; Ólafsfjörð, Dalvík, Akureyri, Húsavík og Raufarhöfn.
2. Finndu fjallið **Herðubreið** á kortavefsjánni og smelltu á það. Þá koma upplýsingar um fjallið fram. Lestu um það, búðu til 3 spurningar um fjallið og skrifaðu þær í stílabókina ásamt svári. Merktu svo **Herðubreið** inn á kortið.
3. Finndu eyjarnar **Hrísey og Grímsey** og merktu inn á kortið. Smelltu á nafn eyjanna og lestu um þær. Hvað hét landnámsmaðurinn sem nam land í Hrísey? Hvað er Grímsey stór?
4. Finndu **Fnjóská** á kortinu og merktu inn. Hvers konar á er Fnjóská, hvar eru upptök hennar og hvar fellur hún til sjávar?
5. Við hvaða fjörð stendur Akureyri og hvað kallast höfnin þar?
6. Þrír fossar mynda einstaka fossaröð í Jökulsá á fjöllum. Hvað heita þeir?
7. Þetta vatn er fjórða stærsta vatn landsins og frægt fyrir fugla og flugnalíf sitt. Hvað heitir það og hvað kallast þörungategundin sem myndar kúlur á botni vatnsins?
8. Finndu fjallið Kerlingu á kortinu. Hvað er hún há og úr hvað efni er hún?
9. Veldu þér **einn stað á Norðurlandi eystra** (*á, vatn, fjall, jökul eða þéttbýlisstað*) og segðu frá honum. Reyndu að nota þín eigin orð (50–100 orð).



Austurland

Undanfarið höfum við verið að fræðast um **Austurland**.

Verkefni þitt er að fara á netið og leita að svörum við eftirfarandi spurningum.

Best er að fara á **mms.is** og slá orðið *kortavefsjá* inn í leitarreitinn og þá kemstu inn á heppilega slóð.

Klipptu allar spurningarnar og kortið af Austurlandi út og límdu inn í stílabókina þína. **Skrifaðu** svo svörin við spurningunum í bókina.



Austurland

1. Merktu inn á kortið hér fyrir ofan þéttbýlisstaðina; *Egilsstaði, Vopnafjörð, Reyðarfjörð, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Eskifjörð.*
2. Finndu á kortavefsjánni hvar fjallið Búlandstindur er og smelltu á það. Þá koma upplýsingar um fjallið fram. Lestu um það, búðu til 3 spurningar um fjallið og skrifaðu þær í stílabókina ásamt svari. Merktu svo **Búlandstind** inn á kortið.
3. Í hvað fjöllum á Austurlandi trúa yngri Austfirðingar að Grýla og jólasveinarnir búi?
4. Finndu **Jökulsárlón** á kortinu og merktu inn á. Hvaða á fellur úr lóninu til sjávar?
5. Finndu **Lagarfljót** á kortinu og merktu það inn. Hvaða dýr á samkvæmt þjóðsögum að lifa í Lagarfljóti og hvað þýddi það ef dýrið skaut kryppunni upp úr vatninu?
6. Hvað kallast **Jökulsá á Dal/Brú** í daglegu tali og hvað rennur hún langa vegalengd?
7. Hvað kallast hæsti tindur landsins, hvað er hann hár, í hvaða jökli er hann og hver gekk fyrstur á tindinn? Merktu hann inn á kortið.
8. Við hvaða fjörð stendur **Neskaupsstaður** og hvaða landnámsmaður nam land þar?
9. Veldu þér **einn stað á Austurlandi** (*á, vatn, fjall, jökul eða þéttbýlisstað*) og segðu frá honum. Reyndu að nota þín eigin orð (50–100 orð).



Suðurland


Undanfarið höfum við verið að fræðast um **Suðurland**.

Verkefni þitt er að fara á netið og leita að svörum við eftirfarandi verkefni.

Best er að fara á **mms.is** og slá orðið *kortavefsjá* inn í leitarreitinn og þá kemstu inn á heppilega slóð.

Klipptu allar spurningarnar og kortið af Suðurlandi út og límdu inn í stílabókina þína. **Skrifaðu** svo svörin við spurningunum í bókina.

1. Merktu inn á kortið hér fyrir ofan þéttbýlisstaðina; **Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyri, Hveragerði, Hellu, Hvolsvöll, Kirkjubæjarklaustur, Þorlákshöfn og Vík**. Mundu eftir að klippa út kortið og líma inn í stílabókina þína.
2. Finndu Mýrdalsjökul á kortavefsjóni og smelltu á hann. Þá koma upplýsingar um jökulinn fram. Lestu um hann, búðu til 3 spurningar og skrifaðu þær í reitina hér fyrir neðan ásamt svari. Merktu svo Mýrdalsjökul inn á kortið.
3. Finndu fossinn **Gullfoss** og merktu inn á kortið. Hvaða frægi *hver* er nærri honum? Hver barðist fyrir því að Gullfoss yrði verndaður og hvenær var hann svo friðlýstur?
4. Í hvaða bæ á Suðurlandi var **fyrsti barnaskóli** landsins stofnaður árið 1852?
5. Hver lét byggja Ölfusárbrúna og við hvaða bæ stendur hún?
6. Hvaða landnámsmaður er talinn hafa numið land á **Stokkseyri**?
7. Hvaða bær hét upphaflega **Ellidáhöfn**?
8. Finndu **Surtsey** og merktu hana inn á kortið. Hvenær og hvernig varð hún til og hvenær var hún friðlýst?
9. Hvað eru **Vestmannaeyjar** margar? Nefndu 5 stærstu eyjarnar og skráðu stærð þeirra.
10. Veldu þér einn stað á **Suðurlandi** (á, vatn, fjall, jökul eða þéttbýlisstað) og segðu frá honum. Reyndu að nota þín eigin orð (50–100 orð).



Suðurland



Suðurnes og höfuðborgarsvæðið

Undanfarið höfum við verið að fræðast um **Suðurnes og höfuðborgarsvæðið**.

Verkefni þitt er að fara á netið og leita að svörum við eftirfarandi verkefni.

Best er að fara á **mms.is** og slá orðið *kortavefsjá* inn í leitarreitinn og þá kemstu inn á heppilega slóð.

Klipptu allar spurningarnar og kortið af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu út og límdu inn í stílabókina þína. **Skrifaðu** svo svörin við spurningunum í bókina.



Suðurnes og höfuðborgarsvæðið

1. Merktu inn á kortið hér fyrir ofan þéttbýlisstaðina; **Reykjavík, Hafnarfjörð, Keflavík, Sandgerði, Grindavík, Mosfellsbæ og Álftanes**. Mundu eftir að klippa út kortið og líma inn í stílabókina þína.
2. Finndu á kortavefsjóni hvar **Esjan** er og smelltu á hana. Þá koma upplýsingar um fjallið fram. Lestu þær og búðu til 3 spurningar um fjallið og skrifaðu í reitina hér fyrir neðan ásamt svari. Merktu svo hvar Esjan er inn á kortið.
3. Finndu eyjuna **Viðey** og merktu inn á kortið. Hver byggði Viðeyjarstofu og hvenær var síðast búið í Viðey?
4. Hver er stærsti þéttbýliskjarni **Suðurnesja** og hvenær hlaut hann kaupstaðarréttindi?
5. Hvert er stærsta **stöðuvatn á Reykjanesskaga**?
6. Hvaða **landnámsmaður** er talinn hafa numið land í **Reykjavík** og *hvenær fékk staðurinn kaupstaðarréttindi*?
7. Í þessum kaupstað vex þyrnir (cirsiun arvense) sem annars er sjaldgæf jurtt á Íslandi. Munnmæli herma að hann eigi rót sína að rekja til þess að blóð heiðinna manna (Tyrkja) hafi blandast þar blóði kristinna manna. **Hver er staðurinn og hver nam þar land?**
8. Hvað kallast **táin** sem gengur til norðurs út úr **Reykjanesskaga**?
9. Á þessari **eyju** er mesta súlubyggð í heimi. Hvað heitir eyjan og hvenær var hún friðlýst?
10. Teiknaðu **skjaldarmerki Reykjavíkur** í bókina þína og litaðu.
11. **Fyrsta rafstöð** á Íslandi var reist á þessum stað árið 1904 að frumkvæði Jóhannesar Reykdal, hvað heitir kaupstaðurinn?
12. Veldu þér einn stað á **Suðurnesjum eða höfuðborgarsvæðinu** (t.d. á, vatn, fjall, jökul eða þéttbýlisstað) og segðu frá honum. Reyndu að nota þín eigin orð (50–100 orð).